

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 75/97
frá 12. nóvember 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 63/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/64/EB frá 2. október 1996 um aðlögun að
tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/389/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna
varðandi dráttarbúnað vélknúinna ökutækja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 28. lið (tilskipun ráðsins 77/389/EBE) í I. kafla II.
viðauka við samninginn:

„- 396 L 0064: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/64/EB frá 2. október 1996
(Stjtið. EB nr. L 258, 11. 10. 1996, bls. 26).”.

⁽¹⁾ Hefur ekki enn verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 258, 11. 10. 1996, bls. 26.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/64/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner